

## Eineltismál í skóla sem vísað er til skólaþjónstu

### Verkferill 1

- Foreldri/forráðamaður barns og skólastjórnendur geta vísað máli vegna eineltis eða gruns um einelti til skólaþjónustu ef ekki hefur náðst viðunandi niðurstaða við vinnslu málsins í skóla.
- Tilkynna þarf málið formlega til skólaskrifstofu á þar til gerðu eyðublaði.
- Þverfaglegt ráðgjafateymi skólaþjónustu fer yfir tilkynninguna og skipar tvo fulltrúa úr teyminu til að stýra vinnslu málsins. Í teyminu eru fræðslufulltrúi, yfirfélagsráðgjafi, umsjónarþroskajálfari, kennsluráðgjafi, sérkennsluráðgjafi, ráðgjafi skólaþjónustu og sálfræðingur. Fulltrúar bera ábyrgð á því að halda ítarlega skráningu um vinnslu máls á öllum stigum.
- Fulltrúar afla gagna um vinnslu málsins frá skóla og vinna úr þeim.
- Fulltrúar ræða við starfsmenn skóla, foreldra/forráðamenn, meinta þolendur og gerendur og aðra sem taldir eru búa yfir upplýsingum um málið.
- Fulltrúar vinna skýrslu um málið og skila til ráðgjafateymis sem fer yfir málavexti og kemst að niðurstöðu.
- Fulltrúar tilkynna foreldrum/forráðamönnum allra málsaðila og stjórnendum niðurstöður og fara yfir næstu skref. Foreldrar/forráðamenn samþykkja niðurstöðu með undirskrift.
- Ef niðurstaðan er staðfest einelti fer vinnsla málsins í verkferil 2A
- Ef niðurstaðan er samskiptavandi fer vinnsla málsins í verkferil 2B
- Ef niðurstaðan er sú að málið hefur ekki verið unnið nægjanlega vel í skóla fara fulltrúar teymis yfir það með stjórnendum og skal skólinn þá vinna málið aftur frá grunni skv. verkferli og ekki taka lengri tíma í það en þrjár vikur. Hægt er að vísa málinu aftur til skólaskrifstofu eftir vinnslu málsins í skólanum ef þurfa þykir.
- Ef niðurstaðan er að hvorki einelti né samskiptavandi er staðfest er málinu vísað aftur til skóla. Ef sú niðurstaða telst ekki viðunandi af stjórnendum eða foreldrum/forráðamönnum geta þeir vísað málinu til fagráðs eineltismála hjá menntamálaráðuneytinu.

# Fjölskyldu- og fræðslusvið Vestmannaeyja

Ráðhúsinu, 902 Vestmannaeyjum, kt. 690269-0159, sími 488-2000, fax 488-2002

## Eineltismál í skóla sem vísað er til skólalþjónstu

### Verkferill 2A-staðfest einelti

- Polandi fær tengilið úr sérfræðiteymi sem hann hittir tvisvar í viku í átta vikur. Tilgangurinn með því er að styðja við þolanda og byggja hann upp. Tengiliður ber ábyrgð á ítarlegri skráningu málsins.
- Gerandi fær tengilið úr sérfræðiteymi sem hann hittir tvisvar í viku í átta vikur. Tilgangurinn með því er að styðja við geranda og fræða um áhrif eineltis. Tengiliður ber ábyrgð á ítarlegri skráningu málsins.
- Tengiliðir hafa reglulega samband við umsjónarkennara eða deildarstjóra og foreldra/forráðamenn til að kanna stöðuna.
- Ráðgjafateymi fer yfir stöðuna eftir átta vikur. Ef það er mat tengiliða og teymis að halda þurfi áfram að styðja við þolanda og geranda er málið opið áfram með áframhaldandi viðtölum í ákveðinn tíma sem teymið setur. Ef vel hefur gengið er málið sett í bið í 12 mánuði og foreldrar/forráðamenn samþykkja niðurstöðu með undirskrift. Málið er þá opnað aftur ef ástæða þykir til og þá á þeim stað þar sem frá var horfið.
- Ef ekki næst viðunandi árangur er málinu vísað til fagráðs eineltismála hjá menntamálaráðuneytinu.

# Fjölskyldu- og fræðslusvið Vestmannaeyja

Ráðhúsinu, 902 Vestmannaeyjum, kt. 690269-0159, sími 488-2000, fax 488-2002

## Eineltismál í skóla sem vísað er til skólaljónstu

### Verkferill 2B-staðfestur samskiptavandi

- Nemendur sem eiga í samskiptavanda fá tengiliði úr ráðgjafateymi. Þeir hitta tengilið einu sinn í viku í sex vikur til að fara yfir stöðuna og fá leiðbeiningar og fræðslu um jákvæð samskipti. Tengiliðir bera ábyrgð á ítarlegri skráningu málsins.
- Umsjónarkennari eða deildarstjóri sendir upplýsingar til tengiliðs eftir hvern skóladag í sex vikur.
- Tengiliður hefur samband við foreldra/forráðamenn vikulega til að meta stöðuna.
- Ef upp koma árekstrar í skóla skal strax hafa samband við foreldra/forráðamenn og fulltrúa sem með málið fer. Í framhaldi er boðað til fundar og næstu skref ákveðin.
- Ráðgjafateymi fer yfir stöðuna eftir sex vikur. Ef það er mat tengiliða og teymis að halda þurfi áfram að styðja við nemendur og fræða er málið opið áfram með áframhaldandi viðtölum í ákveðinn tíma sem teymið setur. Ef vel hefur gengið er málið sett í bið í 6 mánuði og foreldrar/forráðamenn samþykkja niðurstöðu með undirskrift. Málið er þá opnað aftur ef ástæða þykir til og þá á þeim stað þar sem frá var horfið.
- Ef ekki næst viðunandi árangur er málinu vísað til fagráðs eineltismála hjá menntamálaráðuneytinu.